

Þessar öryggisleiðbeiningar eru í samræmi við ES-tilskipun 1907/2006 Viðb. II (SDS-01-CEPE) og reglur Vinnueftirlits ríkisins nr. 602/1999 m.s. br. (REACH).

Vosschemie

Vöruheiti:

CARSYSTEM VOC-Clear 420

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

1. Söluheiti efnis. Nafn, heimilisfang og sími framleiðanda og seljanda.

Söluheiti efnis: **CARSYSTEM VOC-Clear 420**
Vörukóði framl: CARSYSTEM VOC-Clear 420
Notkun efnis: Glæra fyrir bílamálun
Framleiðandi: Vosschemie GmbH, Esinger Steinweg 50,
D-25436 Utersen, Germany



Seljandi/dreifing:

Málningarvörur ehf. Sími 587-6644. Vefsíða: <http://www.malningarvorur.is>

Netfang starfsmanns framl. sem hefur með gerð öryggisleiðbeininga að gera:

Neyðarsímar: Framleiðandi: 00 04122/717-0. Landspítali Eiturefnamiðstöð 543 2222. Lögregla/sjúkrafl. Sími 112.

2. Varúðarupplýsingar.

Varnaðarmerki á umbúðum: Engin

Gufa af efninu er þyngri en loft og leggst því með gólfum og getur verið hættuleg í kjöllum, námum, jarðlögnum. Gufur í ílátum, sem ekki hafa verið opnuð, geta myndað eldfimar efnablöndur, sérstaklega nái ílátið að hitna. Meiri hættu er því á eldsvoða og/eða sprengingum í lágt liggjandi rýmum eða lokuðum geymslum. Lengri eða endurtekin snerting við efnið getur valdið ofþornun húðar og sprungum. Efnið er flokkað samkvæmt reglum EBE um iðnaðarefni á nýjasta útgefnum lista.

Viðvörðun:

- Eldfimt
- Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
- Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
- Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

Innihaldsefni:

2. Samsetning efnis - upplýsingar um hættulegt innihald.

Efni sem teljast hættuleg heilsu eða umhverfi samkvæmt skilgreiningu tilskipunar 67/548/EEC:

CAS-nr.	ES-nr.	Heiti efnis.	Styrkur % (af þyngd)	Hættufl.	Hættusetningar* **
123-86-4	204-658-1	n-bútýlasetat	10,0-25,0		10-66-67
110-43-0	203-767-1	2 heptanon	2,5-10,0	XNn,	10-20/22
	265-199-0	hrábensínlausn (jarðolíu),létt arómatísk	2,5-10,0	Xn, Xi, N,	10-37-51/53-65-66-67
108-65-6	203-603-9	2-metoxýl-metýletýl asetat	2,5-10,0	Xi	10-36
108-10-1	203-550-1	metýlísóbútýlketon (4-metýlpentar	2,5-10,0	Xn, Xi, F,	11-20-36/37-66
		metýl 1,2,2,6,6 pentametýl-4- piperídýl sebakat			
41556-26-7	280-060-4				
82919-37-7	255-437-1		<2,5	Xi, N	43-50/53
77-58-7	201-039-8	díbútýltín dílátat	<2,5	T, Xi, N,	60-61-22-36/38-48/25-68-50/53

* Mengunarmörk (OEL), sé þeim til að dreifa, eru listuð í kafla 8

** Texti allra hættusetninga er sýndur í kafla 16.

4. Skyndihjálp

Almennt:	Fjarlægið mettaðan fatnað tafarlaust.
Eftir innöndun:	Tryggið ferskt loft eða gefið súrefni. Leitið lækni. Sé viðk. meðvitundarlaus skal leggja hann í hvíldarstöðu (liggjandi á hlið) þar til flutningur á bráðamóttöku hefst.
Eftir snertingu við húð	Þvoið svæði vel með sápuvatni og leitið lækni.
Eftir snerting við augu	Fjarlægið snertilinsur. Skolið augu strax rækilega með hreinu vatni í nokkrar mín. Haldið augnlokum opnum við skolun. Leitið lækni tafarlaust.
Eftir inntaku:	Hreinsið munnhol og látið viðk. drekka mikið vatn. Framkallið ekki uppsölur. Leitið lækni tafarlaust.

5. Eldsvoði - slökkviefni.

Slökkviefni:	Vatnsúði, alkahólþolin froða, duft eða kolsýra. Notið ekki vatnsbunu á eld.
Leiðbeiningar:	Við bruna myndast þykkur svartur reykur. Niðurbrotsefni, t.d. kolmónoxíð, geta valdið heilsuskaða. Hættu stafar af sprengi- og eldfimum gufum. Við bruna myndast m.a. nitroxíð og aðrar eittraðar gufur svo sem kolmónoxíð auk koldíoxíðs (sjá Kafla 10). Sama getur gerst nái efnið að hitna.
Hlífðarbúnaður:	Til að forðast innöndun reyks af brennandi efninu þarf öndunarbúnað með tilfærðu lofti við slökkvistarf.
Annað:	Kælið nálæg ílát með vatnsúða. Fjarlægið heil ílát tafarlaust sé það unnt. Varnið því að slökkvivökvi nái að renna í niðurföll. Þurkkið upp með uppsuguefni og setjið í örugg ílát til förgunar í samræmi við reglur um meðhöndlun spilliefna.

6. Efnaleki.

Persónuvarnir:	Notið hlífðarfatnað. Haldið óviðkomandi frá notkunarsvæði. Tryggið virka loftræstingu. Haldið neista- og eldvökum fjarri. Notið öndunarbúnað sé andrúmsloft mettað. Forðist innöndun gufu/úða. Forðist snertingu við húð og augu. Standið með trekk (dragsúg) í bakið við úðun.
Umhverfisvernd:	Varnið því að efnið nái að renna í niðurföll eða í vatn. Nái efnið að renna í vatn, læk eða skolp skal tilkynna það heilbrigðiseftirliti viðkomandi sveitarfélags í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Þrif -hreinsun:	Loftræstið rýmið. Bindið efnið með óeldfimu efni svo sem sandi eða mold eða uppsuguefni. Fargið affalli blönduðu slökkvi- og þrifefnum sem spilliefni í samræmi við reglur/lög (hjá spilliefnamóttöku) og í til þess gerðum, tryggilega lokuðum ílátum.

7. Meðhöndlun og geymsla.

Meðhöndlun:	Haldið fjarri hitagjöfum og sólargeislum. Meðhöndlið opin ílát með varkárni. Tryggið virka loftræstingu (útsog). Gætið þess að loftræsting (útsog) virki við gólf (efnisgufa er þyngri en loft). Notið á vel loftræstum stað. Forðist innöndun gufu/úða af efninu. Forðist snertingu við húð og augu.
Eld-sprengivarnir:	Gufur af efninu mynda með lofti eld- og sprengifima gufu. Hættulegar gufur geta myndast í tæmdum ílátum. Haldið fjarri hita- og neistagjöfum. Bannið reykingar á vinnusvæði. Komið í iverg fyrir myndun stöðuspennu.
Geymsla:	Geymið einungis í upprunalegum umbúðum. Gólfefni skal vera leysiefnaþolið.
Í sömu geymslu:	Geymið fjarri matvælum. Haldið fjarri oxunarefnum.

Annað: Geymið á köldum, þurrum stað í tryggilega lokuðum ílátum. Hlífið gegn hita og sólargeislum.
Geymið á vel loftræstum stað.

8. Mengunarmörk - persónuhlífar - forvarnir.

Ráðstafanir: Tryggið næga loftræstingu með loftræstikerfi húss með virku útsogi. Nægi það ekki, af einhverjum ástæðum, til að halda mengun í andrúmslofti innan mengunarmarka verður að nota viðeigandi öndunargrímu/búnað.

CAS Nr.	Heiti efnis		Mengunarmörk	
123-86-4	bútýlasetat	Bretland	þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst.	966 ml/m ³ 200 ppm 724 mg/m ³ 150 ppm
108-65-2	2-metoxý-1-metýl asetat	Bretland (húð) EBE (húð)	þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst. þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst.	548 ml/m ³ 100 ppm 274 mg/m ³ 50 ppm 550 ml/m ³ 100 ppm 275 mg/m ³ 50 ppm
1330-20-7	xýlen	Bretland (húð) EBE (húð)	þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst. þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst.	441 ml/m ³ 100 ppm 220 mg/m ³ 50 ppm 442 ml/m ³ 100 ppm 221 mg/m ³ 50 ppm
110-43-0	2-heptanon	Bretland (húð) EBE (húð)	þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst. þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst.	475 ml/m ³ 100 ppm 237 mg/m ³ 50 ppm 475 ml/m ³ 100 ppm 238 mg/m ³ 50 ppm
108-65-2	2-metoxý-1-metýl asetat	Bretland (húð) EBE (húð)	þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst. þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst.	548 ml/m ³ 100 ppm 274 mg/m ³ 50 ppm 550 ml/m ³ 100 ppm 275 mg/m ³ 50 ppm
108-10-1	metýlísóbútýlketon (4-metýlpentan-2-1)	Bretland (húð) EBE (húð)	þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst. þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst.	416 ml/m ³ 100 ppm 208 mg/m ³ 50 ppm 208 ml/m ³ 50 ppm 83 mg/m ³ 20 ppm
77-58-7	dibútýlíin dílárát	Bretland (húð)	þakgildi, 15 mín Meðalgildi, 8.klst.	0,2 ml/m ³ 0,1 mg/m ³

Gildin í skránni eru þau sem mældust við framleiðslu efnanna.

Persónuhlífar

Öndunarbúnaður: Tryggja skal sem besta loftræstingu þar sem unnið er með efnið.
Vinni starfsmenn með efnið þar sem styrkur þess í andrúmslofti er umfram mengunarmörk eiga þeir að nota viðeigandi öndunarbúnað af viðurkenndri gerð. (Mælt með A/P2-síu).

Húð og líkami: Notið hlífðarfatnað.

Hendur: Nota skal hlífðarhanska og fara að ábendingum framleiðanda um val, umhirðu þeirra og endurnýjun.
Prófanir vantar til að mæla megi með sérstakri gerð hlífðarhanska. Hanska skal nota sem skemmstan tíma í einu til að forðast áhrif á húð. Velja skal gerð hanska með prófun á efnaþoli í samráði við framleiðanda þeirra.

Augu: Nota skal þéttaðliggjandi hlífðargleraugu þegar unnið er með efnið.

Hreinlæti: Vinnið ekki með efnið nærri mat- eða drykkjarvörum eða dýrafóðri.
Fjarlægjið tafarlaust óhreinan og/eða mettaðan hlífðarfatnað.
Neytið ekki matar, drykkjar né munn/heftóbaks þegar unnið er með efnið.
Forðist snertingu efnis við augu eða húð. Notið húðvarnarkrem á hendur.
Forðist innöndun gufu eða úða af efninu.
Þvoðu hendur fyrir matar- og kaffihlé og að vinnu lokinni.

Ath:

9. Eðlis- og efnaeiginleikar.

Form/útlit/lykt : Vökvi , dæmigerð lakklykt
 Litur : Glær
 Suðumörk:
 Blossamark : 23 °C
 Kveikimörk: 370 °C Efnið kveikir ekki í sér sjálft
 Sprengihætta: Efnið sjálft er ekki sprengifimt en gufa af því og lofti getur sprungið.
 Rúmpyngd : ~ 1,0 g/sm³ við 20°C
 Sprengimörk: Lægri 3% rúmm. Hærri 10,4 % rúmm.
 Upplýsanleiki í vatni: Enginn eða mjög torblandað.
 Seigja: < 40s (ISO 6 mm), hreyfiseigja.

10. Áhrifavaldar - stöðugleiki.**Hættuleg efnavörð - aðstæður sem ber að forðast:**

Efnið hverfist með sterkum oxunarefnum.

Umbúðir, sem virðast tómar, geta innihaldið gufu af efninu sem með lofti getur myndað sprengihættu.

Eldfimar gufur myndast af efninu.

Hættuleg niðurbrotsefni:

Kolmónoxíð auk koldíoxíðs (ghl)

Niðurbrot við varma**11. Eiturfræðileg atriði.**

Bráðaeitrun:	LD/LC50 gildi sem ákveða flokkun	
265-199-0 (EBE)	hrábensínlausn (jarðolíu),létt arómatísk	
Inntaka	LD50	>6800 mg/kg (rotta)
Húð	LD50	>3400 mg/kg (kanína)
Innöndun	LC40/4 klst	>10,2 mg/l (rotta)
77-58-7	dibútýl dílárat	
Inntaka	LD50	1976 mg/kg (rotta)

Bráðaeitrun (áhrif):

Alvarlegasta erting Á húð og slímhúð.

Á augu

Við tíða eða lengri tíma notkun getur efnið valdið uppþornun húðar með rýrnun fitulags. Afleiðing er m.a. sprungur.

Frekari upplýsingar um eitrunaráhrif: Gufa getur valdið syfju og svima. Gufa veldur vímuáhrifum.

Snrting við húð getur valdið ofnæmisáhrifum.

Efnið er flokkað samkvæmt reglum EBE, í nýjstu útgáfu, varðandi hættu á heilsuskaða:

12. Umhverfismál.

Umhverfiseitrun: Á lífríki í vatni

77-58-7	dibútýl díláretat
EC50/48 klst	<1 mg/l (krabbasvíf)
LC50/96 klst	<3 mg/l (sebrafiskur)

Hættuflokkun varðandi vatn: 2 (samkv. þýskri reglugerð, WGK)

Varnið því að efnið nái að renna í niðurföll, jarðveg eða vatnskerfi.

Efnið getur spillt drykkjarvatni komist það í jarðveg (grunnvatn).

13. Förgun.

Förgun efnisins, í hvaða formi sem er skal framklvæma í samræmi við lög og reglugerðir viðkomandi lands/sveitarfélags.

- Efninu eða tæmdum umbúðum þess má ekki farga með hússorpi. Varnið því að efnið geti borist í skólp.
- Farga skal tæmdum umbúðum og efnisleifum sem spilliefni hjá viðkomandi spilliefnamóttöku í samræmi við gildandi lög um förgun hættulegra efna.

14. Flutningur.

Á landi: UN 1263, Málning, 3, III, ADR/RID

Sérstök flokkun/athugasemd 640 E

Nr. hættuflokks: 30

Á sjó: UN 1263, Málning, 3, III.

F-E, S-E

Mengunarefni í sjó.

Í lofti: UN 1263, Málning, 3, III.

Önnur atriði: Við sjóflutning gildir: Mengandi efni (Marine Pollutant) merkt:

„NO CIASS 3 GOODS" í geymum sem rúma minna en 450 lítra; ADR.

15. Lög og reglugerðir sem varða viðkomandi efni.

Reglugerðir: Varnaðarmerkingar skv. Reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og skv. tilskipunum ES.

Varnaðarmerki: Engin

Hættuleg Innihaldsefni (sérmerking):

Hættusetningar: **H10** Eldfimt *
H52/53 Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.
H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.
H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.
 (* Samkvæmt reglugerð 236/1999 þarf ekki að merkja vöru sem eldfima sé hún hættuflokkuð H10)

Varðnaðarsetningar: **V2** Geymist þar sem börn/óvitar ná ekki til.
V16 Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar.
V23 Varist innöndun gufu og úða.
V24 Varist snertingu við húð.
V46 Leitið umsvifalaust læknis eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar.
V51 Má einungis nota á vel loftræstum stað.

Íslenskar reglugerðir: Reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

ESB reglugerðir: ESB-leiðsögn 2004/42/EC 2004/42/IIB (b) (250) < 250
 Vísað er til tækniupplýsinga (Data sheet) á vef framleiðanda. www.vosschemie.de

Atriði varðandi Rokefna-tilskipun 2004/42/ECVOC

Undirflokkur skilgreindur í fylgiskjali IIB D

Hámarksinnihald lífrænna rokefna tilgr. í IIB(e) :

RLE-innihald viðk. vöru fyrir notkun samk. ISO 11890 :

(Ath. VOC = Volatile Organic Compound = Rokgjarnt lífrænt efni = RLE)

Varðandi þetta efni gilda tilmæli ESB um að það sé ekki meðhöndlað í unglingavinnu né af vanfærum konum.

Hættuflokkun gagnvart loftmengun:

Hættuflokkun gagnvart neysluvatni: 2 (WGK)

16. Aðrar upplýsingar

Tæmandi listun á hættusetningum í Kafli 3

H10 Eldfimt.

H11 Mjög eldfimt.

H20 Hættulegt við innöndun.

H20/22 Hættulegt við innöndun og inntöku

H22 Hættulegt við inntöku.

H36 Ertir augu.

H36/37 Ertir augu og öndunarfæri.

H36/38 Ertir augu og húð

H37 Ertir öndunarfæri

H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð.

H48/25 Eitrað: Hætta á alvarlegu heilsutjóni við legri tíma snertingu eða inntöku.

H50/53 Mjög eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H51/53 Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

H60 Getur dregið úr frjósemi

H61 Getur skaðað barn í móðurkviði.

H65 Hættulegt: Getur valdið lungnaskaða við inntöku.

H66 Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

H67 Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

H68 Getur valdið varanlegu heilsutjóni.

Séu upplýsingareitir í þessum öryggisleiðbeiningum óútfylltir er ástæðan sú að ekki liggja fyrir niðurstöður mælinga eða upplýsingar byggðar á reynslu. Það er þó ekki til marks um að ekki stafi hættu af efninu, notkun þess eða meðhöndlun og því skal ítrekað að fyllstu varkárni sé gætt jafnframt því að fylgt sé öryggisreglum vinnustaðar.

Upplýsingar í þessum öryggisleiðbeiningum byggjast á vitneskju okkar, reynslu og þekkingu á þeim degi sem

þær eru gefnar út. Leiðbeiningarnar eiga að tryggja öryggi þess sem hefur kynnt sér þær og fer eftir þeim við notkun og meðhöndlun. Ekki ber að líta á upplýsingar í þessu riti sem yfirlýsingu eða staðfestingu á tæknilegum eiginleikum viðkomandi efnis.

Höfundur þessara öryggisleiðbeininga: Abteilung Labor. Frau S. Schaller.

Útgáfudagur: 9. jan. 2008.

Íslensk þýðing úr þýsku fyrir Málningarvörur ehf. í janúar 2009.

Leó M. Jónsson iðnaðar- og vélátæknifræðingur, Reykjanesbæ.